

Ritdómur

Reports from a Scholar's Life: Select Papers on the Hebrew Bible,
eftir Tryggve N.D. Mettinger, ritstj. Andrew Knapp,
Winona Lake, Indiana: Eisenbrauns, 2015, 349 bls.

„Þegar allt kemur til alls stöndum við frammi fyrir tveimur möguleikum: að tala um Guð í myndum eða tala ekki um hann yfirleitt“ (bls. 13). Þannig kemst Tryggve Mettinger að orði í þeirri bók sem hér er til umfjöllunar. Hann vitnar í framhaldinu með velþóknun í einn af kunnari guðfræðingum Svía frá fyrri tíð, biskupinn Gustaf Aulén (1879–1977) sem hafði tekið svo til orða að „myndmálið er móðurmál trúarinnar.“

Mettinger ræðir víða í bókinni um að hann sé trúaður, kristinn maður, en áréttar í því samhengi að hann dragi skýra línu milli þess „sem ég trúi að ég viti sem fræðimaður að þess sem ég veit að ég trúi sem kristinn“ (bls. 13).

Tryggve N.D. Mettinger (f. 1940), prófessor emerítus við Lundarháskóla, er einn kunnasti og áhrifamesti gamlatestamentisfræðingur Norðurlanda á síðari árum. Og sannarlega ná áhrif hans langt út fyrir Norðurlönd. Hann fagnaði 80 ára afmæli sínu nú í lok maí. Hann hefur notið verðuskuldaðrar alþjóðlegrar viðurkenningar um langt árabíl og starfað sem gístiprófessor við nokkra erlenda háskóla, þ. á m. hinn kunna Princeton-háskóla í Bandaríkjunum. Tvö afmælisrit hafa verið gefin út honum til heiðurs.

Fyrirlestra hefur hann flutt um veröld víða, m.a. hér á Íslandi árið 1997. Sá sem ritdóm þennan skrifar þekkir prófessor Mettinger vel. Hann var leiðbeinandi minn í doktorsnámi mínu við Lundarháskóla á árunum 1981–1988, reyndist mér afar vel, og við höfum haldið góðu sambandi síðan, einkum með reglulegum bréfaskriftum. Þá varð ég þess heiðurs aðnjótandi að halda aðalfyrirlesturinn á dagskrá sem guðfræði- og trúarbragðafræðideild Lundarháskóla hélt Mettinger til heiðurs á 60 ára afmæli hans, 27. maí árið 2000.

Doktorsseminarið sem Mettinger stjórnaði á árum mínum í Lundi var afar vel heppnað. Þar var fjallað um verkefni einstakra nemenda en þess jafnan gætt að taka til kynningar ný viðhorf og nýjar rannsóknaraðferðir á fræðasviðinu. Sjálfur var hann hafsjór af fróðleik og einstaklega vinnusamur.

Það var mikið fangaðarefni að gefið skyldi vera út rit það sem hér er til umsagnar og hefur að geyma valdar fræðigreinar eftir Mettinger. Að auki er þarna kveðjufyrirlestur sá sem hann flutti í desember 2003 er hann lét af störfum sem prófessor í gamlatestamentisfræðum við Lundarháskóla, aðeins 63 ára.

Kveðjufyrirlesturinn

Það er mikill fengur að þessum kveðjufyrirlestri því að þar leyfir Mettinger sér að gerast persónulegur, einkum í kaflanum „Fyrstu 37 ár mín“, auk þess sem hann lýsir megináherslunum í rannsóknum sínum og setur þær í samhengi. Vissulega hætti hann ekki að skrifa þegar hann lét af störfum við háskólann. Hann hefur skrifað margt mjög áhugavert og mikilvægt síðan, m.a. afar vel heppnað lítið rit um Ljóðaljóðin sem ég ritræmdi hér í *Ritröð Guðfræðistofnunar*. Það rit skrifaði hann beinlínis sem afmælisgjöf til eiginkonu sinnar í tilefni af 50 ára brúðkaupsafmæli þeirra.

Þetta áhugaverða rit, *Reports from a Scholar's Life's*, veitir, eins og nafnið ber með sér, mjög áhugaverða innsýn í lífsstarf mikilhæfs fræðimanns og setur þau fræði í samhengi. Það skiptist í nokkra meginkafla sem bera með sér hversu breitt fræðasvið Mettingers hefur verið.

1. Kveðjufyrirlestur Mettingers frá árinu 2003 (lítillga uppfærður).
2. Guð Ísraels í ljósi trúarbragða hins forna heims Miðausturlanda: Skyldleiki og andstæður.
3. Myndbannið í Gamla testamentinu í ljósi annarra trúarbragða hinna fornu Miðausturlanda.
4. Textar tengdir Davíð konungi.
5. Þættir úr Jobsbók, einkum í ljósi frásagnarrýni.
6. Jesaja annar: Þróun og bygging k. 40–55 í Jesajaritinu.
7. Ritdómar.

Í kveðjufyrirlesturinum segir Mettinger m.a. frá uppvaxtarárum sínum í Helsingjaborg. Faðir hans var bakari og fjölskyldan heyrði til hvítasunnuhreyfingunni og tók virkan þátt í starfi hennar. Sjálfur á Mettinger góðar minningar þaðan og þar kynntist hann Solvi, eiginkonu sinni. Í þessum fyrirlestri segir hann m.a.: „Þegar faðir minn dó 1993 þá laukst það upp fyrir mér hve miklu hann skipti fyrir persónulegar hugmyndir mínar um Guð.“ Með lífi sínu og fordæmi hafi hann fyllt hina trúarlegu myndlíkingu (metafóru) „föður“-innihaldi (s. 15). Mettinger segist aldrei hafa verið bókstafstrúar („fundamentalist“) og hann sagði síðar skilið við hvítasunnuhreyfinguna og gekk til liðs við sænsku Þjóðkirkjuna. Hann bætir því þó við að hann finni enn til meiri skyldleika við trúrækinn hvítasunnumann en meðlim sænsku biskupakirkjunnar sem hafi engar raunverulega guðfræðilegar sannfæringar.

Guðshugmyndin

Aðaláherslan í rannsóknum Mettingers meðan hann gegndi prófessorsembættinu við Lundarháskóla (1978–2003) hvíldi án nokkurs vafa á guðshugmyndinni. Með guðshugmynd segist hann eiga við persónuleika Guðs, athafnasemi Guðs og athafnasvæði Guðs. Hann segir að áhuginn hafi m.a. vaknað er hann sem stúdent las bók Þjóðverjans Oscars Cullmann um kristsfræði Nýja testamentisins.

Áhrifamestu rit Mettingers á þessu sviði eru bækurnar *The Dethronement of Sabaoth: Studies in the Shem and Kabob Theologies* (1982) og *In Search of God: The Meaning and Message of the Everlasting Names* (1988). Síðarnefnda bókin kom raunar upphaflega út á sænsku árið 1987 og minnst ég vel hve ég heillaðist strax af henni í hinni sænsku frumútgáfu. Þar er farin mjög nýstárleg leið við að draga saman það sem Gamla testamentið hefur að segja um Guð. Mettinger rannsakar hin mismunandi nöfn sem notuð eru um Guð Gamla testamentisins og notar guðsnöfn í dálítið breiðri merkingu. Hann kannar þannig t.d. hvaða hebresk

hugtök Jesaja annar notar um guðdóminn, ekki bara nafnorð heldur sagnorð í lýsingarhætti sem hafa nánast nafnorðsigildi eins og *goel* (frelsari, endurlausnari). Nöfn eru jafnan rannsókuð í sínu sögulegu samhengi og reynast eiga sér mismunandi rætur og vera mjög mismikið notuð í einstökum ritum hins hebreska ritsafns. Úr verður afar læsileg og áhuga-verð bók. Þar skrifaði Mettinger líka meðvitað á þann hátt að hann vildi höfða til breiðari lesendahóps en venjulega og ekki er vafi á því að honum tókst það. Bókin hefur enda verið þýdd á fjölda tungumála (þ.m.t. spænsku og kóreönsku).

Mér hefur alltaf fundist að síðarnefnda bókin, þ.e. bókin um guðsnöfnin og samhengi þeirra, komist a.m.k. mjög nærri því að geta fallið undir skilgreiningu á fræðigreininni guðfræði Gamla testamentisins en eins og kunnugt er hafa fræðimenn á Norðurlöndum flestir fremur kosið að vinna á sviði sem þeir kenna við trúarsögu Ísraels þótt vissulega séu fræðigreinar náskyldar. Mettinger leitar ekki beinlínis að þungamiðju eða samnefndara í Gamla testamentinu eins og svo margir hafa gert sem skrifað hafa bækur um guðfræði Gamla testamentisins. Þekktasta dæmið er bók Þjóðverjans Walters Eichrodt (1890–1978) sem kom út á árunum 1933–1939 í þremur bindum og þar er sáttmálinn kynntur sem þungamiðja þessa mikla ritsafns. Er sú bók enn þann dag í dag einhver áhrifamesta bók sem skrifuð hefur verið um guðfræði Gamla testamentisins.

Mettinger stendur í nálgun sinni mjög nærri leitinni að þungamiðju. Hann talar í stað þungamiðju um „rótar-metáforu“ eða „rótar-myndlíkingu“. Og þá rót finnur hann í konungshugtakinu. Hann segir sjálfur í kveðjufyrirlestri sínum (bls. 4) að áhersla hans á konungshugtakið, eða rótina *melek, malak* (‘konungur, að ríkja’), og þær greinar sem af þeirri rót vaxa séu í meðvitaðri andstöðu við hefðbundnari áherslu á exodus (brottförina af Egyptalandi) og sáttmálann.

Meðal fræðimanna sem hann játar að hafi haft mikil áhrif á sig sé Harvard-prófessorinn kunnir Frank Moore Cross (1921–2012), sem einna þekktastur er fyrir rannsóknir sínar á Dauðahafshandritunum (Qumran). Mér er minnstætt að í kaffibóði sem Mettinger hélt einhverju sinni heima hjá sér fyrir þátttakendur í doktorsseminárinu hóf hann eins konar samkvæmisleik með því að biðja viðstadda að segja hvaða fræðirit hefðu haft mest áhrif á þá og hvers vegna. Ég tók vel eftir hverju hann svaraði sjálfur: Bókin *Canaanite Myth and Hebrew Epic: Essays in the History of the Religion of Israel* eftir Frank Moore Cross. Varð það til þess að ég las þá bók af mikilli athygli og skildi þá sitthvað betur en áður í áherslum leiðbeinanda míns.

Hér leyfir rýmið ekki að þessum áhugaverðu bókum Mettingers eða greinum sem skrifaðar eru um hliðstæð efni í þessu greinsafni hans séu gerð frekari skil en ég minnst ritdóms þar sem bók Mettingers um nöfn Guðs í Gamla testamentinu var líkt við ævisögu Guðs. Fannst mér sú samlíking skemmtileg og eiga talsverðan rétt á sér.

Um myndbannið í Gamla testamentinu

Árið 1995 kom út bókin *No Graven Image? Israelite Aniconism in Its Ancient Near Eastern Context* eftir Mettinger en hún hefur að geyma umfangsmikla rannsókn á bakgrunni myndbannsins í Gamla testamentinu. Rannsókn Mettingers byggist fyrst og fremst á ýmsu því sem fornleifafræðin hefur fært upp í hendurnar á fræðimönnum, ekki aðeins í Landinu helga heldur einnig í Mesópótamíu, Sýrlandi, Egyptalandi og víðar. Í bók sinni leitar Mettinger einkum svara við tveimur spurningum: (1) Hversu sérstakt er myndbann Gamla testamentisins fyrir hebreskan átrúnað? (2) Hver er uppruni slíkrar hugmyndar?

Mettinger gerir réttilega greinarmun á myndbanni og myndlausri dýrkun. Í sem allra stystu máli má segja að niðurstöður hans séu þær að myndlaus dýrkun hafi verið til víðar en í Ísrael meðal hinna fornu Mið austurlanda, til dæmis í Egyptalandi og Sýrlandi. Engin dæmi hafi þó fundist um myndlausa dýrkun í Mesópótamíu.

Mettinger lítur svo á að hann hafi afsannað að myndlaus dýrkun sé eitt af sérkennum hebreskrar trúar. Að hans mati náði myndlaus dýrkun hins vegar hámarki í Ísrael með því að þar varð til kerfisbundin andstaða gegn myndum, þ.e. *myndbann*.

Tvær greinanna í ritinu hafa að geyma umfjöllun Mettingers um þetta efni. Sú síðari hefur yfirskriftina „A Conversation with My Critics.“ Titillinn er til marks um hve virkur Mettinger var alltaf í umræðum fræðimanna. Hann brást málefnalega við gagnrýni, í sumum tilfellum með því að skrifa nýjar greinar um efnið.

Textar tengdir Davíð konungi

Konungdæmið í Ísrael var Mettinger snemma hugleikið enda fjallaði doktorsritgerð hans um embættismenn Salómons konungs (1971). Þar sýndi hann strax viðleitni til að leita hliðstæðna og skýringa í hliðstæðum fyrirbærum meðal nágranna hinna fornu Ísraelsmanna. Þá viðleitni átti hann sameiginlega með ýmsum fræðimönnum öðrum í Skandinavíu, eins og þeim sem kenndir voru við „Uppsala-skólann“ sem sérstaka stefnu innan fræðanna, þ.e. að leggja mikið upp úr rannsókn á skyldleika eða samiburði við trúarbrögð nágrannaþjóða hins forna Ísraels.

Það segir sig sjálf að ekki er í ritdómi hægt að gera grein fyrir hverri grein í svo viðamikilli bók. En í þessari bók fjallar Mettinger um tvo mikilvæga texta úr frásögninni af Davíð og tengir þar við eitt af sínum þekktustu verkum, *King and Messiah: The Civil and Sacral Legitimation of the Israelite King* (1976). Í öðrum kaflanum fjallar hann um hin frægu spádómsorð Natans um ævarandi konungdóm (2Sam 7). Mettinger kemst að þeirri niðurstöðu að rætur þessa texta sé að finna í fyrrihluta stjórnartíðar Salómons konungs. Ýmsir aðrir fræðimenn hafa, einkum á síðari árum, talið líklegt að textinn sé yngri.

Ólíkar guðsmyndir í Jobsbók

Mettinger skrifaði aldrei heila bók um Jobsbók en ritið heillaði hann augljóslega eins og svo marga fræðimenn aðra. Hér birtast tvær greinar hans um efnið. Sú síðarnefna er einkum áhugaverð. Hún byggist á fyrirlestri sem hann flutti fyrst við Háskóla Íslands í apríl 1997 en þá var hann hér sem gestur guðfræðideildar í minnistæðri og vel heppnaðri ferð. Hann byggir umfjöllun sína talsvert á bókmenntafræðilegri aðferð sem kennd er við „textatengsl“ en áhugi hans á guðsmyndinni er til staðar hér, eins og svo víðar. Hann leggur upp með spurninguna um hverju sá Guð líkist sem höfundar Jobsbókar kynnir fyrir lesendum sínum. Mettinger sér ólíkar guðsmyndir hjá Job sjálfum, vinum hans, sem eru talsmenn endurgjaldskenningarinnar, og loks í ræðu Guðs í stormviðrinu.

Um hina sígildu spurningu um hvernig Guð tengist þjáningunni segir Mettinger í niðurlagi kaflans (bls. 251) að í heimi þjáningarinnar birtist Guð sem sá sem verndar og viðheldur sköpun sinni. Þegar allt komi til alls þá gegni vandamálið um guðsmyndina mun stærra hlutverki en spurningin um dýpstu rætur illskunnar. Það er opinberun þessa Guðs fyrir Job sem fær hann að bera fram játninguna frægu í Job 42.5: „Ég þekkti þig af afspurn en nú hefur auga mitt litið þig.“

Um Jesaja annan og þjónsljóðin

Í bókinni er eitt af ritum Mettingers birt í heild sinni. Það er hans stysta rit en líklega eitt það sem hvað mesta athygli hefur vakið enda var það uppselt og þótti því réttmætt að birta það hér í þessu yfirlitsriti.

Ritið kom út árið 1983 með sláandi titli *A Farewell to the Servant Songs: A Critical Examination of an Exegetical Axiom*. Þar tekur Mettinger til rækilegrar endurskoðunar eina af óumdeildustu fræðikenningum á sviði spámannarannsókna Gamla testamentisins, þ.e. kenningu B. Duhms (1847–1928) frá árinu 1892 um að fjögur þjónsljóð innan Jes 40–55 hefðu sérstöðu og væru aðeins í lauslegum tengslum við það samhengi sem þau standa í og fjölluðu um annan þjón en annars staðar væri rætt í ritinu og þeim hefði verið bætt við síðar.

Mettinger bendir í andmælum sínum á hversu furðulegt það sé að fræðimenn hafi greint á um höfund ljóðanna, aldursgreiningu þeirra, jafnvel fjölda þeirra og umfram allt hver þjónninn sé. Í stuttu máli hafi fylgismenn Duhms raunar aðeins verið sammála um að viss fjöldi þjónsljóða (yfirléitt fjögur) séu sér á parti innan Jesaja annars og séu ljóðin framandi gagnvart öðrum hlutum ritsins þar sem rætt er um þjóninn, því að vissulega er rætt um þjón Drottins mun víðar en í þessum svokölluðu þjónsljóðum.

Í sem stystu máli sagt hafnar Mettinger algjörlega kenningu Duhms og telur hann hafa með kenningu sinni leitt biblíufræðin inn á villigötur. Mettinger bendir á að þau ljóð sem hér um ræðir hafi ekki sameiginlegan „Gattung“ (þ.e. séu ekki af sömu gerð eða tegund). Hann sýnir fram á að þau standi í mun nánara samhengi við aðra hluta Jesaja annars en af er látið. Til dæmis gegni Jes 49.1–12 beinlínis því hlutverki að byggja brú milli tveggja aðalhluta ritsins og síðast en ekki síst sýnir Mettinger fram á að eðlilegast sé að túlka þjóninn í þessum ljóðum sem Ísrael, þ.e. hann telur þjóninn ekki hafa aðra merkingu þar en annars staðar í ritinu.

Þetta rit Mettingers vakti mikla athygli og sumir urðu til að andmæla því kröftuglega en svo mikið er víst að kenning Duhms stendur ekki lengur sem eitt af því óumdeilda í biblíufræðunum. Það má hins vegar taka undir með þeim sem sagt hafa að titill Mettingers hafi að því leyti verið villandi að hann var ekki að kveða þjónsljóðin í kúttinn. Þau voru og eru enn hluti af Jesajaritinu. Hann sýndi hins vegar fram á að kenning Duhms um sérstöðu fjögurra þeirra hvíldi á mjög veikum stöðum.

Mettinger hefur víðar sýnt áhuga sinn á Jesaja öðrum en þessi umfjöllun verður að duga hér.

Niðurlag

Hér er um að ræða mjög vel heppnað rit sem veitir góða innsýn í fjölbreytilegt og áhugavert fræðastarf Tryggves Mettinger. Hann hefur á farsælum fræðaferli sínum látið mjög víða til sín taka og oft gert það með svo afgerandi hætti að ekki verður í náinni framtíð rætt um það efni án þess að framlag hans sé dregið inn í umræðuna. Hann er afar vel lesinn og leggur sig fram um að kynna helstu sjónarmið og álitamál á þeim sviðum sem hann fjallar um. Hann er þekktari fyrir að skrifa heilar bækur en fræðigreinar. Þeim mun meiri fengur er að því að fá hér í einni bók greinasafn hans þar sem komið er inn á flest það mikilvægasta sem hann ræðir ítarlegar í bókum sínum.